

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

350. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 22.05.2015, kl.07:30.

Mættir eru:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Karen Elisabet Halldórsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri. Gestir fundarins undir lið 4 voru Hrólfur Sigurðsson Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Eyþóra Kristín Geirsdóttir frá skrifstofu borgarlögmanns og Guðmundur Ólafsson frá Mannvit. Gestur fundarins undir lið 5 var Sævar Kristinsson frá KPMG.

Tekið fyrir:

1. Niðurstaða útboðs vegna jarðvinnu fyrir gas- og jarðgerðarstöð.

Lagt fram minnisblað Mannvits vegna útboðs á jarðvinnu fyrir gas- og jarðgerðarstöð í Álfnesi. Alls bárust aðaltilboð frá 3 aðilum og sömuleiðis frávikstilboð frá þeim öllum. Eftir yfirferð er samanburður tilboða sem hér segir:

| | | |
|-------------------------|----------------|-------------------|
| Íslenskir Aðalverktakar | Aðaltilboð: | kr. 158.031.022,- |
| | Frávikstilboð: | kr. 153.429.022,- |
| Suðurverk | Aðaltilboð: | kr. 158.443.011,- |
| | Frávikstilboð: | kr. 148.416.561,- |
| Kubbur | Aðaltilboð: | kr. 114.156.260,- |
| | Frávikstilboð: | kr. 103.690.260,- |
| Kostnaðaráætlun | | kr. 168.630.000,- |

Kubbur hefur fallið frá frávikstilboði sínu. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að semja við Kubb um verkið á grundvelli aðaltilboðs.

2. Ósk Sorpstöðvar Suðurlands um framlengingu samnings.

Lagt fram tölvuskeyti frá formanni stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands þar sem óskað er eftir framlengingu á samningi við SORPU um móttöku og úrvinnslu úrgangs af suðurlandi. Málið rætt. Stjórn samþykkir að framlengja samningin um 6 mánuði.

3. Samanburður á útkomu og áætlun fyrstu 3 mánuði ársins 2015.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir óendurskoðaðan samanburð á rekstrartölum og áætlun fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins. Kynnt og rætt.

4. Útboð vegna tæknilausnar gas- og jarðgerðarstöðvar.

Lögð fram sem trúnaðarmál og kynnt þarfagreining unnin af Mannviti vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfnesi. Jafnframt lagt fram bréf frá Innkaupadeild Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur álit innkaupadeildar um innkaupaferli. Málið rætt. Stjórn samþykkir þarfagreininguna og felur framkvæmdastjóra að framkvæma

[Handwritten signatures and initials in blue ink]

- forval sem fyrsta hluta af samkeppnisviðræðum. Haft verði samráð við Innkaupadeild Reykjavíkurborgar um framkvæmdina.
5. **Stefnumótun stjórnar.**
Kynnt staðan á verkefninu. Málið rætt.
 6. **Innri endurskoðun og innra eftirlit.**
Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöðu verðkönnunar á þjónustu vegna úttektar á innra eftirliti og innri endurskoðun. Málið rætt. Stjórnarformanni falið að ræða við endurskoðunarnefnd SORPU um framgang málsins.
 7. **Bréf ÓK Lögmannna vegna kröfu um leiðréttingu á rangmælum**
Lagt fram bréf ÓK Lögmannna, f.h. Íslenska gámafélagsins, dagsett 12. maí 2015 þar sem krafist er leiðréttingar á meintum rangmælum yfirverkfræðings. Málið rætt.
Stjórn ákveður að fela lögmanni félagsins að svara bréfinu.
 8. **Endurvinnslustöðin að Dalvegi í Kópavogi og Sævarhöfða í Reykjavík.**
Framkvæmdastjóri kynnir samskipti við Kópavogsbæ og eiganda hluta lóðarinnar á Dalvegi. Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað vegna lóðarinnar að Sævarhöfða en skv. aðalskipulagi Reykjavíkur skal endurvinnslustöðin víkja. Framkvæmdastjóri greinir jafnframt frá viðræðum við Reykjavíkurborg um mögulegar aðrar staðsetningar sem þjónað gætu sama tilgangi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við Reykjavíkurborg um nýja staðsetningu endurvinnslustöðvar í nágrenni Korputorgs og heimilar jafnframt að lóðin að Sævarhöfða sé boðin fram í staðinn. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning að hönnun og þarfagreiningu fyrir endurvinnslustöð við Korputorg.
 9. **Uppsögn Efnamóttökunnar á leigusamningi í Gufunesi.**
Lagt fram bréf Efnamóttökunnar hf. þar sem félagið segir upp leigusamningu um aðstöðu félagsins í Gufunesi en leigutíminn mun þá renna út 31. október nk. Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað, dagsett 20. maí 2015 vegna málsins. Málið rætt.
Stjórn felur framkvæmdastjóra að leggja mat á mögulega notkun svæðisins.
 10. **Útboð þjónustu við grenndargáma**
Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað vegna grenndargámaútboðs þar sem lagt er til að framlengja núverandi samning til 31.1.2016.
 11. **Aðgerðaráætlun í úrgangsmálum Reykjavíkur.**
Lagt fram erindi frá umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur þar sem óskað er umsagnar SORPU um aðgerðaráætlun Reykjavíkur í úrgangsmálum. Málinu frestað.
 12. **Hugmyndir um efnisveitu.**
Stjórn ræðir hugmyndir að efnisveitu. Framkvæmdastjóra falið að kynna sér rekstrarform efnisveitna erlendis og skila greinargerð til stjórnar.

Næsti fundur.

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 12. júní kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 9:50

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Þórunn Jónsdóttir
Staðuró Arnar Sveinsson
Bláaferingur Pálsson
Braní Hódur